

9. október 2012
1209230

Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum (greiðslukerfi og verðbréfauppgjörskerfi)

Með bréfi dags. 27. september sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabankans um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum (þskj. 92, 92. mál).

Með frumvarpinu er lagt til að innleiddar verði í íslenska löggjöf áorðnar breytingar á tilskipun 98/26/EB, auk þess sem lagt er til að hugtakanotkun í lögum nr. 90/1999 verði betur samræmd annari gildandi löggjöf á sviði fjármálamarkaðar en verið hefur, og er að mati bankans tímabært að gera slíkar breytingar á lögnum. Seðlabankinn hefur þó áður komið þeirri skoðun á framfæri við ráðuneyti fjármálamarkaðar að hreinlegast væri að endurskoða og endurútgefa í heild sinni lög nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, m.a. sérstaklega frá sjónarhóli verðbréfauppgjörskerfa.

Helstu athugasemdir Seðlabankans við efni fyrirbyggjandi frumvarps eru eftirfarandi:

Í frumvarpinu er m.a. lagt til að einfalda heiti tveggja viðtekinna lykilhugtaka og notast við orðin „kerfi“ í stað „greiðslukerfis“ og „fyrirmæli“ í stað „greiðslufyrirmæla“. Slíkar breytingar eru vafalítið til þess fallnar að gera lögin einfaldari aflestrar, en brýnt er að samkvæmni innan laganna í heild sinni sé tryggð. Þannig verður hugsanlega að skýra vísanir til „greiðslukerfa“ og „verðbréfauppgjörskerfa“ í heiti laganna og 1. gr. þeirra nánar og tengja orðskýringum 2. gr., auk þess sem að hið almenna orð „fyrirmæli“ hentar e.t.v. ekki til notkunar í þessu samhengi.

Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að skilgreiningu hugtaksins „stofnun“ í 2. tölul. 2. gr. laganna verði breytt, sbr. b-liður 2. gr. frumvarpsins. Ekki er um rétta innleiðingu á b-lið 2. greinar tilskipunar 98/26/EB, með áorðnum breytingum, að því er varðar liði

a.-c. og e. í nýrri skilgreiningu, að mati Seðlabankans. Þannig einskorðast skilgreining tilskipunarinnar við tilteknar tegundir fjármálafyrirtækja skv. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, en nær ekki til þeirra allra líkt og frumvarpið gerir ráð fyrir (a-liður); ekki hafa enn verið sett hér á landi sérstök lög um rafeyrisfyrirtæki, líkt og frumvarpið gerir ráð fyrir (b-liður); og loks fæst ekki séð að stoð sé fyrir því að tilgreina *verðbréfamíðstöðvar* sem eina tegund stofnana í skilningi umræddrar tilskipunar (c-liður). Þá er vakin athygli á að í e-lið nýrrar skilgreiningar frumvarpsins er vísað til *verðbréfamíðstöðva* sem tiltekinnar tegundar fjármálafyrirtækja, en það er ekki rétt (sbr. efni laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa).

Loks vill bankinn geta þeirrar túlkunar sinnar á gildandi lögum nr. 90/1999, í tengslum við athugasemdir í greinargerð um 2. gr. frumvarpsins, að verðbréfauppgjörskerfi hafi rúmast innan ramma umræddra laga frá setningu þeirra (sbr. gildandi skilgreining hugtakanna greiðslukerfi og greiðslufyrirmæli). Fyrirliggjandi frumvarp feli því ekki í sér efnisbreytingu að því leyti að mati Seðlabankans. Að fenginni umsókn frá aðilum er starfrækja verðbréfauppgjörskerfi hér á landi er því, að mati bankans, unnt að viðurkenna slíkt kerfi í samræmi við 3. gr. gildandi laga.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson,
aðstoðarseðlabankastjóri

Guðmundur Kr. Tómasson,
frkvstj. greiðslukerfasviðs